

Fundargerð 374. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, föstudaginn 10. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson í fjarveru Steinþórs Péturssonar.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 373. fundar frá 13. mars sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands (hafnríkisaðgerðir), 418. mál. - beiðni um umsögn - 1502044HA

Már gerði grein fyrir fundi sem hann og Jón Þorvaldsson áttu í samstarfshópi Hafnarsambands Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Fiskistofu. Á fundinum var rætt um umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Til kynningar.

3. Umhverfisstefna fyrir hafnir - 1409053HA

Lögð fram til kynningar fundargerð umhverfis- og öryggisnefndar dags. 8. apríl 2015. Einnig lögð fram drög að fyrirmynd af umhverfisstefnu fyrir hafnir á Íslandi sem Umhverfis- og öryggisnefnd hafnasambandsins hefur unnið að. Már gerði grein fyrir drögum að fyrirmynd af umhverfisstefnu.

Má og starfsmanni falið að ganga frá skjalinu. Starfsmanni falið að senda fyrirmyndina á aðildarhafnir og setja hana inn á heimasíðu hafnasambandsins.

4. Viðbragðsáætlanir fyrir hafnir - 1503061HA

Lagður fram tölvupóstur frá mengunarvarnaráði, dags. 11. mars 2015, hafna þar sem óskað er eftir athugasemdum frá Hafnasambandi Íslands við drög að leiðbeiningum um gerð viðbragðsáætlana fyrir hafnir.

Samþykkt að fela Umhverfis- og öryggisnefnd að útbúa drög að umsögn.

5. Úttekt á réttarstöðu hafna í tryggingarmálum - 1502027HA

Starfsmaður gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

Starfsmanni og formanni falið að ýta á eftir verkefninu.

6. Hafnafundur 2015 - 1412012HA

Lögð fram drög að dagskrá fyrir hafnafundinn.

Starfsmanni falið að senda út auglýsingu á aðildarhafnir.

7. Kynnisferð hafnasambandsins 2015 - 1411006HA

Lögð fram dagskrá vegna kynnisferðar stjórnar sem verður 21.-22. maí nk.

Ástu og starfsmanni falið að ganga frá dagskránni.

Fundi var slitið kl. 12:30

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson

